

125. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn miðvikudaginn 3. september 2008 kl. 18 á kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Fundartími nefndarinnar
3. Önnur mál

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Jóhanna fór yfir skólabyrjunina en allt er að komast á fulla ferð. 117 umsóknir bárust fyrir þetta skólaár og aðeins tvær bíða afgreiðslu og er önnur umsóknin um tvö hljóðfæri. Í vetur stunda 115 nemendur tónlistarnám við skólann í mismiklu námi.

Jóhanna er þessa dagana að koma öllum gagnaskráum tónlistarskólans í nýtt forrit, DaCapo, og á það að auðvelda alla yfirsýn yfir nemendur og nám þeirra, eignir skólans og allt skólastarfið.

Farið var yfir drög að skóladagatali og var það samþykkt.

Sömu kennarar munu kenna við skólann þetta skólaárið fyrir utan að í stað Tómasar hefur verið ráðinn Lázló Petö. Unnið er þessa dagana að útvega honum íslenskukennslu.

Fjórir kennarar skólans eru að fara á svæðisþing Tónlistarskóla á Vesturlandi og Vestfjörðum sem haldið verður á Ísafirði 5. september.

Þann 28. september nk. verða gítartónleikar í samstarfi við sumartónleikaröðina og í framhaldi af þeim veður gítarnemendum við skólann boðið upp á námskeið í umsjón Símonar Ívarssonar gítarleikara.

Lúðrasveitin er einnig komin á fullt skrið og verður með í leigu í vetur þrjár pákur en á haustefnisskrá sveitarinnar eru klassísk verk sem krefjast pákuleiks.

2. Stefnt er að því að nefndin hittist fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 18 á kaffistofu skólans.

3. Önnur mál

Óbein fyrirspurn kom til nefndarinnar um þá reglu að nemendur á blásturshljóðfærum taki þátt í lúðrasveitinni. Stefna skólans hefur verið að þátttaka nemenda í lúðrasveit sé hluti af námi þeirra, þegar færni þeirra er nægjanleg eins og fram kemur í námskrá skólans og skólastefnu.

Fundi slitið kl. 19.15.

Sigurborg Sturludóttir (sign.),

Elísabet L. Björgvinsdóttir (sign.),

Daði Jóhannesson (sign.),

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign.).